

Föstudagur, 30. ágúst 2002

187. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 30/2002

Auglýsingar Seglagerðarinnar Ægis ehf.

I.

Málavextir

1.

Forsaga málsins er sú að þann 17. apríl 2002 gerði Samkeppnisstofnun athugasemdir við fullyrðingar sem fram komu í auglýsingum Seglagerðarinnar Ægis ehf. um Palomino fellihýsi. Fullyrt var að Palomino fellihýsin væru þau vinsælustu og þau einu sem væru sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður. Með vísan til 20. gr. a og 21. gr. í samkeppnislögum var óskað eftir að Seglagerðin Ægir kæmi á framfæri sönnunum fullyrðinganna. Engin svör bárust.

Með bréfi, dags. 31. maí 2002, var fyrra bréf ítrekað með vísan til þess að einblöðungurinn væri enn í dreifingu. Jafnframt var bent á hert viðurlög við brotum á samkeppnislögum. Samkeppnisstofnun beindi þeim tilmælum til Seglagerðarinnar Ægis að breyta nú þegar öllum auglýsingum þannig að ekki þyrfti að koma til frekari aðgerða stofnunarinnar. Seglagerðinni var sem fyrr gefinn kostur á að koma á framfæri sönnunum fullyrðinga auglýsinganna. Svör bárust ekki innan tilskilins tíma. Þann 13. júní 2002 hringdi forsvarsmáður fyrirtækisins til Samkeppnisstofnunar, óskaði upplýsinga og tjáði starfsmanni stofnunarinnar að svar væri væntanlegt. Svar barst ekki.

Þann 21. júní 2002, barst Samkeppnisstofnun síðan erindi frá Evró ehf. þar sem kvartað var yfir fjölmörgum sambærilegum atriðum í auglýsingum Seglagerðinnar Ægis og stofnunin hafði óskað sannana á í fyrrnefndum bréfum. Fullyrðingarnar um Palomino var að finna í bæklingi, einblöðungi og á heimasíðu Seglagerðarinnar. Jafnframt kom fram í erindi Evró að sölumenn Seglagerðarinnar Ægis beittu fullyrðingunum óspart við viðskiptavinum. Evró er keppinautur Seglagerðarinnar og flytur m.a. inn fellihýsi af gerðinni Coleman.

Evró óskaði flýtimeðferðar þar sem helsti sölutími fellihýsa og tjaldvagna stæði yfir og skjótra aðgerða væri þörf til að skeyta ekki samkeppnisstöðu á markaði. Krafðist Evró þess að kynning Seglagerðarinnar Ægis á vörum fyrirtækisins yrði bönnuð í

þeirri mynd sem hún birtist neytendum og keppinautum, sbr. 2. mgr. 30. gr. samkeppnislaga.

Þann 21. júní 2002 fór starfsmaður Samkeppnisstofnunar til Seglagerðarinnar Ægis og fékk þar ýmsar auglýsingar fyrirtækisins á fellihýsum og tjaldvögnum, bæði einblöðunga og bæklinga. Í auglýsingunum var að finna fjölda fullyrðinga þar sem efsta stig lýsingarorða er notað. Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 25. júní 2002, var erindi Evró sent Seglagerðinni Ægi til umsagnar. Af hálfu stofnunarinnar voru fyrri bréf jafnframt ítrekuð og gerðar athugasemdir við fullyrðingar um Holiday Camp tjaldvagna. Í bréfi stofnunarinnar kom fram að með vísan til þess að fyrirtækið hafi í engu reynt að færa sönnur á fullyrðingar sínar virtist sem upplýsingar um Palomino fellihýsi og Holiday Camp tjaldvagna brytu í bága við ákvæði 20. gr., 20. gr. a og 21. gr. samkeppnislaga. Seglagerðinni var gefinn frestur til að koma að athugasemdum og skýringum en að þeim tíma liðnum mætti vænta þess að málið yrði lagt fyrir auglýsinganefnd. Þá kæmi til greina að beita heimild Samkeppnisstofnunar til töku íþyngjandi ákvörðunar, sbr. 2. mgr. 3. gr. reglna um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda nr. 922/2001, eða að málið yrði lagt fyrir samkeppnisráð til ákvörðunar. Jafnframt kom fram að búast mætti við að viðurlögum samkeppnislaga yrði beitt. Bréfið var móttækið af Seglagerðinni kl. 10:45 þann 25. júní 2002.

Engin svör bárust frá Seglagerðinni Ægi innan tilskilins tíma. Þann 28. júní 2002 hringdi starfsmaður Samkeppnisstofnunar til Seglagerðarinnar og spurðist fyrir um hvort svör væru væntanleg. Afgerandi svar var ekki gefið en fram kom að kannski myndi svar berast stofnuninni þann 1. júlí 2002. Þann 2. júlí 2002 hringdi forsvarsmáður Seglagerðarinnar til Samkeppnisstofnunar og boðaði að svar myndi berast fyrir hádegi þann 3. júlí 2002. Svar barst loks með símbréfi, dags. 2. júní 2002 (sic), kl. 14:20 þann 3. júlí.

Í svari Seglagerðarinnar segir að fullyrðingar um að:

Palomino væru einu fellihýsin sem væru sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður;

Palomino væru vinsælustu fellihýsin og að

Palomino Mustang væru bestu og flottustu fellihýsin

hefðu verið felldar á brott eða orðalagi breytt í kynningarbæklingi og á heimasíðu fyrirtækisins. Engin gögn fylgdu svari Seglagerðarinnar sem sýndu fram hvernig orðalagi hefði verið breytt. Upplýsingar á heimasíðu Seglagerðarinnar voru enn óbreyttar þennan dag. Aðrar fullyrðingar taldi Seglagerðin að unnt væri að rökstyðja.

Hvað varðaði fullyrðingar um Holiday Camp tjaldvagna sagði að Ægisvagninn hefði verið sá mest seldi árið 2001. Engin gögn fylgdu þessu til staðfestingar. Um sérhönnun Ægisvagnsins til að standast íslenskar aðstæður sagði að umtalsverðar breytingar hefðu verið gerðar á vagninum, s.s. á undirvagni, plastskel og dekkjum.

Ekki væri verið að fullyrða að keppinautar geri ekki sambærilegar breytingar á vögnum sem þeir selji.

Samkeppnisstofnun lagði málið fyrir auglýsinganefnd sem komst að þeirri niðurstöðu að fjöldi fullyrðinga í auglýsingum Seglagerðarinnar Ægis á Palomino fellihýsum og Holiday Camp tjaldvögnum brytu í bága við ákvæði 20. gr. a og 21. gr. samkeppnislaga. Auglýsinganefnd lagði jafnframt til við Samkeppnisstofnun að viðurlögum samkeppnislaga yrði beitt varðandi þær fullyrðingar sem nefndin taldi brjóta í bága við ákvæði samkeppnislaga.

2.

Í reglum um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda nr. 922/2001 segir í 2. mgr. 3. greinar:

„Þegar fyrir liggur niðurstaða samkeppnisráðs í sambærilegu máli er Samkeppnisstofnun heimilt að taka íþyngjandi ákvörðun á neðra stjórnisýslustigi í málum sem falla undir 20.a., 21. og 22. gr. samkeppnislaga eftir að álits auglýsinganefndar hefur verið aflað.“

Eftir að álits auglýsinganefndar hafði verið aflað í máli þessu og með vísan til þess að niðurstöður samkeppnisráðs liggja fyrir í málum þar sem lýsingarorð í efsta stigi hafa verið notuð og auglýsandi ekki getað sýnt fram á réttmæti fullyrðinga sinna taldi Samkeppnisstofnun að skilyrði 2. mgr. 3. gr. reglna um málsmeðferð samkeppnislaga væru uppfyllt. Taldi stofnunin nauðsynlegt að banna Seglagerðinni Ægi frekari birtingu auglýsinganna.

Með ákvörðun nr. 2/2002, tekinni þann 4. júlí 2002, bannaði Samkeppnisstofnun Seglagerðinni Ægi ehf. að birta auglýsingar þar sem fullyrt væri að:

I. Palomino fellihýsi væru:

- einu fellihýsin sem væru sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður;
- einu fellihýsin sem búið væri að gera umtalsverðar breytingar á til að gera þau sem best útbúin;
- mest seldu vagnarnir á Íslandi árin 1998, 1999, 2000, 2001;
- vinsælustu fellihýsin á Íslandi;
- þau bestu eða flottustu.

II. Holiday Camp tjaldvagn, Ægisvagninn væri vinsælasti vagninn.

Ákvörðun Samkeppnisstofnunar var birt Seglagerðinni Ægi, þann 4. júlí 2002, og var kvittað fyrir móttöku hennar kl. 16:25. Bannið tók gildi við birtingu. Tekið var fram í ákvörðunarorði að yrði banninu ekki fylgt myndi Samkeppnisstofnun leggja til við samkeppnisráð að viðurlögum 51. gr. samkeppnislaga yrði beitt.

Seglagerðinni Ægi var jafnframt tilkynnt um möguleika á að áfrýja ákvörðun Samkeppnisstofnunar til áfrýjunarnefndar samkeppnismála en var það ekki gert.

3.

Þann 11. júlí 2002 fór starfsmaður Samkeppnisstofnunar í Seglagerðina Ægi til að kanna hvort farið hefði verið að ákvörðun stofnunarinnar. Starfsmaðurinn fékk þar afhentan augýsingabækling og einblöðung um Palomino fellihýsi. Einblöðungar um Holiday Camp tjaldvagna lágu ekki frammi. Á heimasíðu Seglagerðarinnar var enn að finna fullyrðingar sem höfðu verið bannaðar.

Með bréfi, dags. 11. júlí 2002, tilkynnti Samkeppnisstofnun Seglagerðinni Ægi að hvað varðaði texta einblöðungs um Palomino fellihýsi, sem hefði verið breytt þannig að þar væri því ekki lengur haldið fram að um væri að ræða vinsælustu fellihýsin eða þau einu sem væru sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður, teldi stofnunin að farið hefði verið að ákvörðun stofnunarinnar. Aftur á móti væri auglýsingabæklingur um Palomino fellihýsi og texti á heimasíðu fyrirtækisins algerlega óbreyttur eftir ákvörðun Samkeppnisstofnunar. Auglýsingarnar innhéldu því fullyrðingar sem Seglagerðinni Ægi hefði verið bannað að birta. Samkeppnisstofnun teldi því að Seglagerðin Ægir hefði brotið gegn banni því sem fram kæmi í ákvörðun stofnunarinnar nr. 2/2002. Seglagerðinni Ægi var tilkynnt að málið yrði lagt fyrir fund samkeppnisráðs til ákvörðunar um viðurlög í formi sekta, sbr. að fram hafi komið í ákvörðun stofnunarinnar að yrði banni ekki fylgt myndi stofnunin leggja til við samkeppnisráð að viðurlögum 51. gr. yrði beitt. Bréf Samkeppnisstofnunar var mótttekið af Seglagerðinni Ægi kl. 14:30 sama dag.

Þann 12. júlí 2002 athugaði Samkeppnisstofnun aftur heimasíðu Seglagerðarinnar Ægis og hafði þá texta verið breytt til samræmis ákvörðunar stofnunarinnar.

Þann 28. ágúst 2002 fór starfsmaður Samkeppnisstofnunar í Seglagerðina Ægi til að athuga hvort bæklingar með bönnuðum fullyrðingu væru þar enn í dreifingu. Starfsmaðurinn fékk afhenta óbreytta bæklinga um Palomino fellihýsi og Holiday Camp tjaldvagna. Bæklingarnir innihalda fullyrðingar um að Palomino séu mest seldu vagnarnir 1998–2001 og að fellihýsin séu þau einu sem eru sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður og að Holiday Camp tjaldvagninn, Ægisvagninn, sé vinsælasti vagninn. Fullyrðingar sem bannaðar voru með ákvörðun Samkeppnisstofnunar nr. 2/2002.

II. Niðurstaða

Á fundi samkeppnisráðs, þann 30. ágúst 2002, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Ragnheiður Bragadóttir.

Mál þetta snýst um fullyrðingar Seglagerðarinnar Ægis um Palomino fellihýsi og Holiday Camp tjaldvagna. Fullyrðingarnar hefur Samkeppnisstofnun bannað Seglagerðinni Ægi að birta með ákvörðun nr. 2/2002 þar sem þær brjóta í bága við ákvæði 20. gr. a og 21. gr. samkeppnislaga. Þrátt fyrir að bannið hafi tekið gildi við birtingu ákvörðunarinnar, þann 4. júlí 2002, heldur fyrirtækið áfram að birta fullyrðingarnar.

Það er mat samkeppnisráðs að Seglagerðin Ægir hafi ekki farið að ákvörðun Samkeppnisstofnunar. Seglagerðin Ægir hafi með því að virða að vettugi ákvörðun Samkeppnisstofnunar vanrækt ótvíræða lagaskyldu.

Með lögum nr. 107/2000, um breytingu á samkeppnislögum sem tóku gildi þann 6. desember 2000, var viðurlögum við brotum á m.a. 20. gr. a og 21. gr. laganna breytt. Þannig segir í athugasemdum með frumvarpinu um breytingar á viðurlögum 51. gr.:

„Í ákvæðinu felst að samkeppnisráði verði veitt heimild til þess að leggja á stjórnvaldssektir ef fyrirtæki brjóta gegn banni eða fyrirmælum samkeppnisráðs skv. 2. mgr. 30. gr. Reynslan hefur sýnt að dagsektaúrræði gildandi laga eiga ekki alltaf vel við í málum sem tengjast óréttmætum viðskiptaháttum og villandi auglýsingum. Oft getur verið álitamál við hvaða tímamark eigi að miða þegar til greina kemur að beita dagsektum vegna t.d. villandi auglýsinga sem birtast í sjónvarpi eða útvarpi. Breytingin er því gerð til þess að styrkja þau ákvæði laganna sem vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum og villandi auglýsingum...“

Eftir breytinguna hljóðar því 51. gr. samkeppnislaga svo:

„Samkeppnisráð getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvörðunum skv. 2. mgr. 30. gr., ákvæðum 31. og 32. gr. eða reglum eða fyrirmælum settum samkvæmt þeim. Sektir geta numið allt að 10 millj. kr.“

Tilgangur 20. gr. a og 21. gr. samkeppnislaga er að tryggja heilbrigða viðskiptahætti. Það villir fyrir neytendum og er til þess fallið að skaða þá ef í auglýsingum er haldið fram röngum eða villandi upplýsingum. Slík háttsemi fyrirtækja skekkir einnig eðlilega samkeppni á viðkomandi markaði. Þannig geta þau fyrirtæki sem ekki fara

að lögum náð óeðlilegu forskoti gagnvart löghlýðnum keppinautum sínum sem gefa neytendum réttar upplýsingar. Að mati samkeppnisráðs er mikilvægt að beita þeim úrræðum sem samkeppnislög heimila til að tryggja eðlilega viðskiptahætti að þessu leyti.

Í máli þessu liggur fyrir að Seglagerðin Ægir heldur áfram að birta auglýsingar með fullyrðingum sem Samkeppnisstofnun hafði, með ákvörðun nr. 2/2002, bannað fyrirtækinu að birta. Með vísan til þessa telur samkeppnisráð nauðsynlegt að beita viðurlögum skv. 51. gr. samkeppnislaga í máli þessu. Að mati ráðsins er hæfilegt í þessu máli að leggja kr. 400.000 sekt á Seglagerðina Ægi vegna brota fyrirtækisins gegn ákvæðum 20. gr. a og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Búast má við því að viðurlög verði þyngd ef auglýsingar Seglagerðarinnar Ægis brjóta aftur gegn ákvæðum samkeppnislaga eða ákvörðunum teknum á grundvelli laganna.

III.

Ákvörðunarorð:

„Með birtingu auglýsinga sem innihalda fullyrðingar sem Samkeppnisstofnun hefur bannað með ákvörðun nr. 2/2002 brýtur Seglagerðin Ægir ehf., Eyjarlóð 7, Reykjavík, gegn ákvörðun Samkeppnisstofnunar.

Með heimild í 51. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 skal Seglagerðin Ægir ehf. greiða stjórnvaldssekt að upphæð kr. 400.000.

Sektina skal greiða ríkissjóði eigi síðar en þremur mánuðum eftir dagsetningu þessarar ákvörðunar.“

[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð Áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. [16/2002](#)]